

1984 nr. 113 31. desember

Lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavörðna á íslenskum skipum¹⁾

¹⁾ Falla úr gildi 1. jan. 2008 skv. l. 30/2007, 21. gr.

Tóku gildi 31. desember 1984. Breytt með l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. 60/1995 (tóku gildi 13. mars 1995), l. 7/1996 (tóku gildi 1. okt. 1996), l. 82/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 76/2001 (tóku gildi 1. júlí 2001), l. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003) og l. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006).

I. kafli. Orðaskýringar.

- **1. gr.** a. Yfirvélstjóri er æðsti maður í vélarrúmi skips.
 - b. 1. vélstjóri (í eldri lögum 2. vélstjóri) er næstæðsti maður vélarrúms.
 - c. Undirvélstjóri er hver sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri.
 - d. Vélstjóri er hver sá sem ráðinn er til vélstjórarstarfa.
 - e. 1 kílóvatt (kw.) = 1,36 hö.
 - [f. Mánuður telst 30 dagar.
 - g. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.]¹⁾

¹⁾ L. 60/1995, 1. gr.

II. kafli. Um fjölda vélstjóra og vélavörðna o.fl.

- **2. gr.** [Lágmarksfjöldi vélavörðna og vélstjóra á fiskiskipum og varðskipum skal vera sem hér segir:
 - a. . . .¹⁾
 - b. Á skipi með 221–375 kw. vél (u.þ.b. 301–510 hö.) yfirvélstjóri sé útivera 30 klst. og skemmri.
 - c. Á skipi með 221–750 kw. vél (u.þ.b. 301–1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
 - d. Á skipi með 751–1500 kw. vél (u.þ.b. 1021–2040 hö.) tveir vélstjórar; yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
 - e. Á skipi með 1501–1800 kw. vél (u.þ.b. 2041–2446 hö.) þrjár vélstjórar; yfirvélstjóri og 1. vélstjóri ásamt vélavörðna eða aðstoðarmanni í vél.
 - f. Á skipi með 1801 kw. vél (u.þ.b. 2447 hö.) og stærri þrjár vélstjórar; yfirvélstjóri, 1. vélstjóri og annar vélstjóri.
- Um fjölda vélavörðna og vélstjóra á íslenskum kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.]²⁾

¹⁾ L. 76/2001, 18. gr. ²⁾ L. 60/1995, 2. gr.

III. kafli. Um atvinnuréttindi vélstjóra.¹⁾

¹⁾ Rg. 118/1996, sbr. 207/1998 og 416/2004.

- **3. gr.** [1. . . .¹⁾
 - 2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.

Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).

Að loknum 6 mánaða siglingátíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél 375 kw. og minni.

Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).

3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.

Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).

Að loknum 5 mánaða siglingátíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél minni en 376 kw.

Atvinnuskírteini: Yfirvélstjóri (VVy).

Að loknum 9 mánaða siglingátíma sem vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 5 mánuði á skipi með 401–750 kw. vél, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).

4. Sá sem hefur lokið vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi með aðalvél minni en 221 kw.

Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).

Að loknum 4 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 375 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélavörður (VVy).

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 401–750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 401 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 6 mánuði sem vélavörður, en 12 mánuði sem vélstjóri. Af vélstjóratímanum, vélstjóri a.m.k. 3 mánuði við 751 kw. vél og stærri. Að loknum þessum starfstíma hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).

5. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmíðnaðargrein (þ.e. vélfræðingur) hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 751 kw. vél og stærri hefur hann öðlast réttindi til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri að fengnum rétti til að öðlast atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast réttindi til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).

Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.

Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).

6. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.]²⁾

¹⁾ L. 76/2001, 18. gr. ²⁾ L. 60/1995, 3. gr.

- **4. gr.** Starfstími vélstjóra samkvæmt 2. gr.¹⁾ telst sá tími sem hann er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

□ Til starfstíma samkvæmt 3. og 4. lið 3. gr. má einnig telja störf við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmíðnaðargrein og önnur lögskráð störf í vélarrúmi skipa. Þessi tími skal þó aldrei verða lengri en sem nemur 1/4 hluta starfstíma til atvinnuréttinda.

¹⁾ Svo í Stjtd. Virðist eiga að vera 3. gr.

IV. kafli. Um eldri vélstjóraréttindi.

■ **5. gr.** Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

a. Þeir sem lokið hafa hinu minna mótórvélstjóranámskeiði Fiskifélags Íslands eða 1. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélfræðinámi 2. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

b. Þeir sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélags Íslands eða 2. stigi vélstjóranáms fyrir gildistöku laga þessara skulu njóta sama réttar og þeir sem ljúka vélstjóranámi 3. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

c. Þeir sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

d. Þeir sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun enda fullnægi þeir sömu skilyrðum um starfstíma.

□ Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum [enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda, sbr. 9. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 60/1995, 4. gr.

V. kafli. Um mönnunarnefnd og undanþágur.

■ **6. gr.** Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávík frá ákvæðum laganna um fjölda véla- varða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar þar sem m.a. skal taka tillit til vinnu- álags sem breytingin kann að hafa í för með sér.

2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 5. liðar 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.

□ Að því er varðar 1. og 2. tölul. þessarar greinar skal nefndin leita umsagnar [Siglingastofnunar Íslands]¹⁾ um öryggi og búnað skips.

¹⁾ L. 7/1996, 14. gr.

■ **7. gr.** Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

□ Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

□ Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla almenn dómaraskilyrði.

□ Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar¹⁾ setur samgönguráðherra með reglugerð.

¹⁾ Rg. 420/2003.

■ **8. gr.** Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnaréttindi er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skil-

yrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

□ Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. [Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiski- mannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vél- stjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.]¹⁾ Ráðherra setur nefndinni starfsreglur²⁾ sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

□ ...³⁾

¹⁾ L. 60/1995, 5. gr. ²⁾ Starfsrgl. 247/2007. ³⁾ L. 76/2001, 18. gr.

VI. kafli. Skírteini og læknisvottorð.¹⁾

¹⁾ Rg. 304/1993, sbr. 385/1999. Rg. 118/1996, sbr. 207/1998 og 416/2004.

■ **9. gr.** [Hver íslenskur ríkisborgari, 18 ára og eldri, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem vélstjórnarmaður á íslenskum skipum.

□ Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins [og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ [sem og Færeyingar]²⁾ samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauðsynlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

Réttindi:	Atvinnuskírteini:	
Vélgæslumaður (VM)	Vélgæslumaður	
Vélavörður (VV)	Vélavörður og VM	STCW III/6
Vélavörður (VVy)	Yfirvélstjóri; aðalvél <375 kw. og VV	STCW III/6
Vélstjóri III (VS III)	Yfirvélstjóri; aðalvél <750 kw. vél og VVy	STCW III/6
Vélstjóri II (VS II)	1. vélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VS III	STCW III/6
Vélstjóri I (VS I)	Yfirvélstjóri; aðalvél <1500 kw. vél og VF IV	STCW III/4
Vélfræðingur IV (VF IV)	2. vélstjóri; aðalvél ótak- mörkuð og VS II	STCW III/4
Vélfræðingur III (VF III)	1. vélstjóri; aðalvél ótak- mörkuð og VS I	STCW III/2
Vélfræðingur II (VF II)	Yfirvélstjóri; <3000 kw. vél og VF III	STCW III/3
Vélfræðingur I (VF I)	Yfirvélstjóri; aðalvél ótakmörkuð	STCW III/2

□ Atvinnuskírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda í 5 ár í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978, eftir því sem við á.

□ Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við vélstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.

□ Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af [Siglingastofnun Íslands].³⁾⁴⁾

¹⁾ L. 72/2003, 42. gr. ²⁾ L. 108/2006, 43. gr. ³⁾ L. 7/1996, 14. gr. ⁴⁾ L. 60/1995, 6. gr.

■ **10. gr.** Til þess að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

□ Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði vélstjóra og vélavárða.¹⁾

¹⁾ Rg. 304/1993.

■ **11. gr.** Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði [tollstjóra]¹⁾ um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

¹⁾ L. 92/1991, 81. gr.

■ **12. gr.** [Samgönguráðuneytið getur, að fenginni umsögn Vélstjórafélags Íslands og Vélskóla Íslands, heimilað þegn-um erlendra ríkja utan hins Evrópska efnahagssvæðis [og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]¹⁾ [sem og Færeyingum]²⁾ sem lokið hafa vélstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlendan skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini að fullnægðum öðrum skilyrðum.

□ Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Vélskóla Íslands og Vélstjórafélags Íslands, heimilað þeim íslensku ríkisborgurum sem lokið hafa vélstjórnarnámi við erlenda skóla að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum.³⁾

¹⁾ L. 72/2003, 43. gr. ²⁾ L. 108/2006, 44. gr. ³⁾ L. 60/1995, 7. gr.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **13. gr.** Við útreikning á affi véla í skipum skal farið eftir

reglum¹⁾ sem ráðherra setur, að fengnum tillögum [Siglingastofnunar Íslands].²⁾

¹⁾ Rg. 520/2006. ²⁾ L. 7/1996, 14. gr.

VIII. kafli. Viðurlög og gildistaka.

■ **14. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** A. [Eftir gildistöku laga þessara verður á vegum menntamálaráðuneytis en í samráði við Vélskóla Íslands efnt til námskeiða í vélgæslufræðum. Um framkvæmd námskeiða þessara, námsefni og kennsluáðstöðu skal haft samráð við hagsmunaaðila. Um námsefni, námstillhögun, próf og aldurskilyrði skal nánar kveðið á í reglugerð¹⁾ sem ráðherra setur. Þátttakendur á námskeiðunum skulu ganga undir próf er veiti þeim rétt til atvinnuskírteinis vélgæslumanna (VM).

□ . . .

□ Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa vélstjórn á báti 11 rúmlestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi, þó eigi yfir 11 rúmlestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.²⁾

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 8. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim mönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað hafa sl. 10 ár á undanþágu við vélstjórn, ótímabundin takmörkuð réttindi.

¹⁾ Rg. 340/1996. ²⁾ L. 60/1995, brbák.